

M-78/2017. Álit 26. júní 2018.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. júní 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-78/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 23. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að samkomulag hafi verið milli aðila um geymslu á baðkari en seljandi hafi síðar selt baðkarið öðrum aðila. Krefst álitsbeiðandi þess að fá baðkarið afhent eða greiðslu sem samsvarar kostnaði við að útvega nýtt sambærilegt baðkar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2017 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 6. apríl 2018, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað eftir þjónustu seljanda við að sandblása og lakka gamalt pottjárnsbaðkar fyrir um það bil fjórum árum. Þegar verið var að hífa baðkarið upp slitnaði keðja svo baðkarið hrundi niður og skemmdist. Seljandi bauðst til að afhenda álitsbeiðanda eftirlíkingu eða gera við baðkarið en álitsbeiðandi var ekki viss um að viðgerð væri það besta í stöðunni. Að sögn álitsbeiðanda sagði starfsmaður seljanda að hún gæti tekið sinn tíma í að taka ákvörðun, ekki lægi á og baðkarið yrði hjá seljanda þar til álitsbeiðandi væri tilbúin. Tíminn sem álitsbeiðandi kveðst hafa haft til að gera upp baðherbergið á heimili sínu var liðinn. Hafði álitsbeiðandi því að eigin sögn samband við seljanda og skoðaði baðkarið, sem seljandi var búinn að gera við, og kveðst hafa látið seljanda vita að bið yrði á ákvörðun hennar. Fyrir rúmlega einu og hálfu ári fór álitsbeiðandi til seljanda og kvaðst ætla að taka við baðkarinu viðgerðu og átti að velja lit á lakkið sem lakka átti baðkarið með, þar sem það hafði verið sandblásið. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi aftur fullvissað hana um að baðkarið yrði hjá seljanda þar til álitsbeiðandi yrði tilbúin til að taka við baðkarinu.

Seinnipart ársins 2017 ætlaði álitsbeiðandi að sækja baðkarið en þá kom í ljós að seljandi hafði látið baðkarið af hendi. Seljandi sagðist að sögn álitsbeiðanda hafa reynt margoft að hafa samband við álitsbeiðanda en ekki fengið svör. Þegar álitsbeiðandi spurði í hvaða símanúmer seljandi hafi hringt kom í ljós að seljandi var ekki með símanúmer né aðrar upplýsingar um álitsbeiðanda til að hafa samband við hana. Seljandi kvaðst hafa þurft að selja baðkarið fyrir kostnaði.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kærunefndinni að fá baðkarið afhent eða fá greiddar bætur sem svara kostnaði við að fá sambærilegt baðkar.

IV

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir óskaði álitsbeiðandi eftir þjónustu seljanda við að sandblása og lakka gamalt pottjárnsbaðkar. Við framkvæmdina urðu skemmdir á baðkarinu sem rekja má til seljanda sem seljandi gerði síðar við. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið að geyma baðkarið hjá seljanda þar til hún gæti tekið við því aftur en síðar hafi hún komist að því að seljandi hafi selt baðkarið fyrir kostnaði.

Kæruneftndin álítur að ákvæði 37. og 38. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við um ágreining aðila, en ákvæðin eru svohljóðandi:

37. gr.

Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu og hann ekki verið sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytanda.

Seljanda þjónustu ber að vara neytanda við því með sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa. Sé söluandvirði hlutar hærra en krafa seljanda á hendur neytanda ber honum að endurgreiða neytanda án tafar þann mismun.

38. gr.

Hlut, sem afhentur er seljanda þjónustu og neytanda ber að sækja, er heimilt að selja á kostnað neytanda ef:

1. þrír mánuðir eða meira eru liðnir frá því að vinnu við hlutinn var lokið og unnt var að afhenda hann í samræmi við samning aðila enda hafi neytandi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja hann,

2. salan fer fram á tryggilegan hátt.

Ef ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður vegna sölu er meiri en nemur söluverði hans er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda sé fullnægt skilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

Þegar komist er að niðurstöðu í máli þessu verður að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna bæði álitsbeiðanda og seljanda. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. þkpl. hefði seljanda verið mögulegt að krefjast greiðslu frá álitsbeiðanda vegna kostnaðar sem skapast hefur vegna geymslu á baðkarinu í rúmlega fjögur ár. Þá bar seljanda að tilkynna álitsbeiðanda um að til stæði að selja baðkarið samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins, en hins vegar má ráða af atvikum málsins að seljandi hafði ekki upplýsingar til að hafa samband við álitsbeiðanda. Ekki er ljóst hvort álitsbeiðandi hafi veitt seljanda slíkar upplýsingar í upphafi. Ákvæði 38. gr. þkpl. mælir svo fyrir um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt þegar söluhlutur er seldur við þessar aðstæður, þar á meðal verða að vera liðnir þrír mánuðir eða meira frá því að unnt var að afhenda hlutinn og neytandi hafi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja söluhlut.

Engin gögn hafa verið lögð fram sem staðreyna að samningur hafi komist á milli aðila um geymslu baðkarsins árum saman og að sögn álitsbeiðanda eru slík gögn ekki til staðar. Seljandi hefur hins vegar ekki sent inn andsvör til neftdarinnar og verður því að taka mið af frásögn álitsbeiðanda við úrlausn máls þessa.

Umprætt baðkar var í eigu álitsbeiðanda og hafði álitsbeiðandi í nokkur skipti haft samband við seljanda til að ræða frekari geymslu baðkarsins vegna tafa á framkvæmdum. Í álitsbeiðni kemur fram að seljandi hafi fullvissað álitsbeiðanda um að seljandi myndi geyma

baðkarið um óákveðinn tíma. Af atvikum máls verður ekki séð að seljandi hafi að nokkru leyti skorað á álitsbeiðanda að sækja baðkarið áður en það var selt án vitundar álitsbeiðanda, réttmæts eiganda þess. Verður í ljósi alls framangreinds að fallast á að seljanda hafi verið óheimilt að selja baðkarið án þess að skora á álitsbeiðanda að sækja það.

Þar sem baðkarið hefur verið selt öðrum aðila getur seljanda verið ómögulegt að afhenda það baðkar til álitsbeiðanda. Verður því fallist á kröfu álitsbeiðanda um greiðslu þeirrar fjárhæðar sem þarf til að útvega nýtt sambærilegt baðkar.

V

Álitsorð

Seljanda, Y., ber að greiða álitsbeiðanda, X, fjárhæð sem svarar til sannarlegum kostnaði við að útvega nýtt sambærilegt pottjárnsbaðkar.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson